

REGLUGERÐ

um ýmis aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um ýmis aðskotaefni í matvælum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Aðskotaefni eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.

Áhættumat er mat á hættu og byggist það á því hve mikið magn aðskotaefna mælist í matvælum og hugsanlegri neyslu á þeim, eiturefnafræðilegum eiginleikum viðkomandi aðskotaefna svo og niðurbrotshraða og niðurbrotsefnum þeirra.

Egg eru einnig eggjavörur svo sem eggjarauður.

Fiskur og fiskafurðir eru fiskhold og innflyi af og úr þeim fisktegundum, sem almennt eru nýttar til manneldis og vörur unnar úr þeim, ásamt krabbadýrum (*Crustacea*), samlokum (*Bivalvia*), smokkfiskum (*Cephalopoda*) og sniglum (*Gastropoda*) án skelja.

Hámarksgildi er mesta magn aðskotaefna sem leyfilegt er í hverri þýngdar- eða lagareiningu matvæla eins og þau koma fyrir tilbúin til neyslu. Fyrir þurrkaðar afurðir og þykkni af öðrum matvælum skal miða við hámarksgildi afurðarinnar í upprunalegu formi. Fyrir aðrar unnar vörur skal taka tillit til þýnningar eða annarra breytinga sem geta orðið við vinnslu. Ef ekki eru gefin upp hámark fyrir samsett matvæli skal fara eftir hámarksgildum fyrir viðkomandi hráefni í viðauka en taka mið af hlutföllum hráefna og breytinga sem geta orðið við vinnslu.

Kjöt og kjötvörur eru úrbeinað kjöt af þeim dýrum sem almennt eru nýtt til manneldis og vörur unnar úr því.

Korn og kornvara er þroskuð fræ af hveiti, rúgi, byggi, höfrum, máis, hýðishrísgjörnum, hirsí, bókhveiti, dúrru, rúghveiti og öðrum korntegundum.

Mjólk og mjólkurvörur eru skilgreindar í reglugerð um mjólk og mjólkurvörur.

3. gr.

Ábyrgð framleiðenda.

Óheimilt er að framleiða eða dreifa matvælum sem innihalda aðskotaefni umfram hámarksgildi sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari. Umhverfisstofnun getur þó heimilað dreifingu vörutegunda sem innihalda aðskotaefni allt að aðgerðarmörkum, sbr. viðauka 1.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að vörutegundir sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Magn aðskotaefna.

Þegar hámarksgildi tiltekinna aðskotaefna eru ekki tilgreind fyrir ákveðna vörutegund í viðauka 2, en rannsóknir sýna að efnin finnast í vörutegundinni, er hámarksgildi jafnt hæsta magni sem leyft er fyrir viðkomandi efni.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er Umhverfisstofnun heimilt að leyfa tímabundna sölu matvæla, sem innihalda þau efni sem um ræðir, þegar ekki er talin hætta á heilsutjóni vegna neyslu þeirra. Umhverfisstofnun getur einnig felld tímabundið úr gildi eða breytt hámarksgildum sem fram koma í viðauka 2 með reglugerð þessari.

5. gr.

Sýnatökur.

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum skulu, eftir því sem við á, vera í samræmi við reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum, staðla Alþjóðlega staðalskrárráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius) eða samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar.

6. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

7. gr.

Þvingunariúrræði.

Ef matvæli innihalda aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi reglugerðarinnar skal eftirlitsaðili, að undangengnum tillögum Umhverfisstofnunar um aðgerðir byggðar á áhættumati, grípa til aðgerða á grundvelli XI. kafla laga um matvæli.

Hafi eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að tiltekin matvæli innihaldi aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi skv. 3. og 4. gr., eða sem geti valdið tjóni á heilsu, er honum heimilt að undangengnum tillögum Umhverfisstofnunar um aðgerðir byggðar á áhættumati, að stöðva afgreiðslu og aðra dreifingu vörunnar. Slíkar ástæður geta t.d. verið vegna fyrri athugana á matvælum frá sama framleiðslustað, sama ræktunarsvæði eða sama vinnsluaðila, eða vegna tilkynninga erlendis frá. Ef innflytjandi, framleiðandi eða dreifingaraðili óskar eftir því að fá að dreifa slíkri vöru, skal Umhverfisstofnun meta hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um heilnæmi hennar áður en dreifing er heimiluð. Rannsóknir skulu vera á kostnað þess aðila sem óskar dreifingar vörunnar.

8. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um aðskotaefni í matvælum, nr. 284/2002, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 4. maí 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I

Aðgerðarmörk fyrir aðskotaefni.

Aðgerðarmörk svara til hámarksgildis að viðbættri óvissu í a.m.k. tveimur mælingum. Óvissa í mælingu skal þó aldrei vera hærri en sem nemur:

$$M * (0,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Þar sem M er leyfilegt hámarksgildi í mg/kg. Aðgerðarmörk hámarksgildisins M verða því:

$$M * (1,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Dæmi um notkun jöfnu fyrir aðgerðarmörk:

Hámarksgildi, mg/kg	Reiknuð aðgerðarmörk, mg/kg
0,01	0,015
0,05	0,071
0,10	0,140
1	1,27
10	12,0
100	114
200	226
1000	1108
50.000	53.453

VIÐAUKI II

Hámarksgildi ýmissa aðskotaefna í neysluvörum.

Aðskotaefni:	Matvæli:	Hámarksgildi
Erukasýra ¹	Matarolíur og steikingarfeiti	5%
Glýkóalkalóíðar ²	Kartöflur, hráar með hýði	200 mg/kg
Histamín	Fiskur og fiskmeti	200 mg/kg
Nítrósamín ³	Fiskur og fiskvörur	0,007 mg/kg
	Kjöt og kjötvörur	0,01 mg/kg
Patulín	Barnamatur	0,01 mg/kg
	Drykkir	0,05 mg/kg
	Öll önnur matvæli	0,025 mg/kg
PCB efni ¹	Fiskur og fiskvörur	0,2 mg/kg
	Kjöt og kjötvörur	0,02 mg/kg
PSP toxín	Skelfiskur, ætilegur hluti	0,8 mg/kg
Tetraklóretýlen	Öll matvæli	0,1 mg/kg
Tin	Barnamatur	50 mg/kg
	Drykkir	50 mg/kg
	Öll önnur matvæli	150 mg/kg
Geislavirk efni	Mjólk og barnamatur:	
	Plútóníum 239 og americium 241	1 Bq/kg
	Joð 131 og strontíum 90	100 Bq/kg
	Cesium 134 og 137	370 Bq/kg
	Öll önnur matvæli:	
	Plútóníum 239 og americium 241	10 Bq/kg
	Strontíum 90	100 Bq/kg
	Joð 131 og cesium 134 og 137	600 Bq/kg

1 Reiknað af heildarmagni fitusýra í feitinni.

2 Heildarmagn af sólanín glýkosíðum svo sem a-chakonín og a-sólanín.

3 Heildarmagn rokgjarnra nítrósamína.

1 Af hámarksgildi PCB efna, mega einstök efni ekki fara yfir neðangreind mörk, miðað við 10% fitu í matvælunum. Sjá ennfrems skýringar við viðauka 2.

2, 4, 4' -triklórbifenyl(28)	0,06 mg/kg
2, 2', 5, 5' -tetraklórbifenyl(52)	0,01 mg/kg
2, 2', 4, 5, 5' -pentaklórbifenyl(101)	0,02 mg/kg
2, 3', 4, 4', 5 -pentaklórbifenyl(118)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5' -hexaklórbifenyl(138)	0,02 mg/kg
2, 2', 4, 4', 5, 5' -hexaklórbifenyl(153)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5, 5' -heptaklórbifenyl(180)	0,02 mg/kg
Aðrir PCB - ísómerar	0,06 mg/kg

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.